



21. stjórnarfundur LH

17. apríl 2020 kl. 20:00 - Fjarfundur

Á símafundi: Lárus Ástmar Hannesson formaður, Eggert Hjartarson, Ólafur Þórisson, Stefán Logi Haraldsson, Sóley Margeirsdóttir, Oddrún Ýr Sigurðardóttir og Ágúst Hafsteinsson úr aðalstjórn, Siguroddur Pétursson, Rósa Birna Þorvaldsdóttir, Ómar Ingi Ómarsson og Lilja Björk Reynisdóttir úr varastjórn

Fjarverandi: Þórdís Arnardóttir úr varastjórn

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

1. **Formaður setur fund og stjórnar fundi**
2. **Landsmóti 2020 frestað**

Á fundi Landsmóts ehf. þann 15. apríl var eftirfarandi bókun gerð:

„Í ljósi aðstæðna vegna COVID-19 veirunnar og þeirrar óvissu sem er uppi um þróun mála á Íslandi sem og í öðrum löndum vegna fjölda- og ferðatakmarkanna óskar stjórn Rangárbakka eftir því að fresta fyrirhuguðu Landsmóti hestamanna sem átti að halda 6. – 11. júlí á þessu ári til ársins 2022 og Rangárbakkar fái réttinn til þess að halda mótið það ár.

Samþykkt LM ehf: Í ljósi aðstæðna er fallist á þessa tillögu enda liggur fyrir samkomulag við stjórn Spretts um að landsmót í Spretti færist að sama skapi frá árinu 2022 til 2024.

Samþykkt að umsækjendum um LM 2024 verði gefinn kostur á að færa umsóknina yfir á Landsmót 2026.

Afgreiðsla: Samþykkt.

Fundi slitið um kl. 21.00